

Þorláki, í Guðmundi Arasyni og Staða-Árna, að eg ekki nefni útlendu biskupana, hefði þegar á 12. öld verið búinn að blinda svo hina góðu íslenzku skynsemi, eins og síðar varð?

Framfarir trúarinnar næstu 200 árin eftir daga Böðvars Ásbjarnarsonar voru geysimiklar. Illa hefði farið fyrir þeim manni, sem á alþingi 1320 hefði dirfst að segja að hann væri trúlaus. En það var ekki hætt við að slikt kæmi fyrir. Trúleysi eða andlegt frelsi var þá dáið út á Íslandi—og einnig sú snild, sem skapað hafði meistaraverk er seitn munu fyrnast.

En að góðgirninni hafi farið fram að sama skapi og trúnni, er meir en vafasamt. Árið 1331 er beitt þeirri hryllilegustu refsingu, sem mannlegri grímd hesir hugkvæinst, kvíksetningu; skönumu síðar (1343) er brend nunna í Kyrkjubæjarklaustri fyrir ekki stærri sakir en það, að hún hafði „mælt óvirðulega til páfans“, eins og Espólín kemst að orði.

Engar sögur fára af því, að svo viðbjóðslega grimdarfullar refsingar hafi tilkast í heiðni hér á landi; og er næsta efasamt, að meiri mannúð hafi ríkt í íslenzkri kristni á 14. öld, heldur en í íslenskri heiðni á 10. öld.

Yfirleitt er mjög erfitt að leggja trúnað á það mál sumra manna, að afturför í grímd, en framfarir í mannúð séu fyrst og fremst kyrkjunní og trúnni að þakka. Á síðustu 2—300 árum hafa framfarir Evrópu í mannúð óefsað verið miklu meiri en um 16—17 aldir þar á undan; en varla mun nokkur treysta sér til að halda því fram, að efling kyrkju og trúar sé það, sem cinkum einkenni 2 eða 3 síðastliðnar aldir, og að trúin hafi því á þessum 200 árum getað áorkað meiru í þessu efni en um nærfelt 1700 ár áður.

Eg hefi minst á þessa viðburði frá því tímabili er trúin er orðin einvöld á landi hér, til þess að sýna hinn feikimikla mun á því, sem áður var. Er það auðvitað einkum saga 13. aldarinnar, sem hjálpar oss til að skilja þennan mikla mun. Prettánda öldin er nokkurs konar ragnarök fyrir hið forna Ísland, og líklega eitthvert fróðlegasta tímabilið í trúarsögu þjóðarinnar. Blöðvellir Sturlunga-aldarinnar veita afbragðs færi á að sjá, hvernig menn voru inn við beinið í trúarefnum.